



Borgarráð

Efni: Innheimtupjónusta borgarinnar fyrir árin 2018-2022

Eftirfarandi er framhaldsfyrirspurn, dagsett 5. september sl., frá áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokksins um innheimtupjónustu borgarinnar fyrir tímabilið 2018-2022.

Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Til hversu marga innheimtukrafna hefur verið stofnað á tímabilinu 1. janúar 2018 til dagsins í dag? Þ.e.a.s. hvað hafa margar innheimtukröfur verið sendar út frá 1. janúar 2018 til dagsins í dag, frá Gjaldheimtunni ehf. annarsvegar og Momentum ehf. hinsvegar vegna skuldar borgarbúa við Reykjavíkurborg? Hversu mörg innheimtubréf hafa verið send út í milliinnheimtu og undir hvaða einingarverð féllu þau (einingaverðið er mismunandi eftir upphæð kröfunnar)? Hversu mörg símtöl hafa verið hringd vegna innheimtu og lendir allur sá kostnaður á þeim sem standa í skuld við borgina? (kostnaður við símtal er 273 krónur). Hversu margar skuldir hafa farið í löginheimtu? Lendir sá kostnaður allur á skuldaranum? Í upplýsingum um þessu mál kemur m.a. fram að kostnaður við að senda út löginheimtubríf sé 3.968 krónur með vsk. og greiðsluáskorun fyrir upphæð lægri en 3.000 krónur kosti 4.340 krónur m. vsk. Hvað hafa mörg löginheimtubréf verið send út vegna skuldar borgarbúa við Reykjavíkurborg? Hver hefur kostnaður borgarbúa verið vegna framhaldskostnað í löginheimtu?“

Vísað er til svars Fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokksins, dags. 22. ágúst sl., um innheimtupjónustu borgarinnar fyrir tímabilið 2018-2022.

Í svarinu kemur fram að Reykjavíkurborg hafi farið í útboð vegna innheimtupjónustu borgarinnar. Hafi Gjaldheimtan og Momentum verið með lægsta boð og var því ákveðið að ganga til samninga við fyrirtækin. Í svari við fyrirspurninni fylgir einnig gjaldskrá innheimtufyrirtækjanna, samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg. Þar sem Reykjavíkurborg hefur ekki yfir að ráða upplýsingum um þær tölur og fjárhæðir sem meðfylgjandi framhaldsfyrirspurn lýtur að var óskað svara frá Gjaldheimtunni og Momentum við framhaldsfyrirspurninni (sjá neðangreint).

Fyrirspurnin brotin niður í fimm liði:

1.

Hvað hafa margar innheimtukröfur verið sendar út frá 1. janúar 2018 til dagsins í dag, frá Gjaldheimtunni ehf. annarsvegar og Momentum ehf. hinsvegar vegna skuldar borgarbúa við Reykjavíkurborg?



Svar:

- a) Heildarfjöldi krafna sem fluttar hafa verið yfir til Momentum til milliinnheimtu fyrir Reykjavíkurborg á árinu 2018 og til 13.9.2019 voru 48.584 kröfur. Heildarfjöldi útgefinna krafna hjá Reykjavíkurborg á sama tíma voru 1.325.067 kröfur og því voru það um 3,7% krafna sem voru fluttar til Momentum til milliinnheimtu á tímabilinu.
- b) Heildarfjöldi stofnaðra mála hjá Gjaldheimtunni í löginheimtu fyrir Reykjavíkurborg á árinu 2018 og til 13.9.2019 voru 3.793. Taka verður fram að sé skuldari með fleiri en eina kröfu í Momentum til milliinnheimtu þegar mál hans er flutt til Gjaldheimtunnar til löginheimtu þá eru málin hans sameinuð í eitt mál hjá Gjaldheimtunni til þess að draga úr kostnaði skuldara vegna löginheimtu.

2.

Hversu mörg innheimtubríf hafa verið send út í milliinnheimtu og undir hvaða einingarverð féllu þau?

Svar:

Heildarfjöldi milliinnheimtubréfa hjá Momentum fyrir Reykjavíkurborg á árinu 2018 og til 13.9.2019 voru 67.839 bréf en þar af voru send út 48.584 bréf 1 og 19.255 bréf 2. Hlutfall bréfa í hverjum flokki var eftirfarandi í báðum tegundum bréfanna:

	Bréf 1	Bréf 2
Krafa undir kr. 3.000	972	385
Krafa kr. 3.000 - kr. 10.499	18.948	7.509
Krafa kr. 10.500 - kr. 84.999	25.750	10.205
Krafa kr. 85.000 og yfir	2.915	1.155

Einingarverð milliinnheimtubréfa eru sundurliðaðað í gjaldskrá Momentum samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg.

3.

Hversu mörg símtöl hafa verið hringd vegna innheimtu og lendir allur sá kostnaður á þeim sem standa í skuld við borgina?

Svar:

Heildarfjöldi gjaldfærðra símtala hjá Momentum vegna milliinnheimtu fyrir Reykjavíkurborgar á árinu 2018 og til 13.9.2019 voru 7.143 símtöl, það er að segja þau símtöl sem annað hvort hafa verið greidd þegar krafa sem er í milliinnheimtu er gerð upp eða vegna mála sem teljast svokölluð opin mál og eru enn ógreidd. Fari kröfur úr milliinnheimtu í löginheimtu fellur allur kostnaður niður vegna milliinnheimtu, þar á meðal kostnaður vegna símtala. Að öðru leyti fellur kostnaður símtala á greiðandann samkvæmt nefndri gjaldskrá.

4.

Hversu margar skuldir hafa farið í löginheimtu? Lendir sá kostnaður allur á skuldaranum?

Svar:

Ekki er hægt að svara beint hversu margar skuldir hafa farið í löginheimtu þar sem skuldir/kröfur þeirra sem eru með fleiri í eina skuld/kröfu eru sameinaðar áður en mál eru send til löginheimtu. Eins og kemur fram í svari 1, voru 3.793 mál stofnuð í löginheimtu hjá Gjaldheimtunni á árinu 2018 og til 13.9.2019. Kostnaður vegna löginheimtu lendir allur á skuldaranum.



5.

Hvað hafa mörg löginneimtubréf verið send út vegna skuldar borgarbúa við Reykjavíkurborg?

Svar:

Aðeins er sent eitt löginneimtubréf vegna hvers máls í löginneimtu. Það hafa því verið send 3.793 löginneimtubréf út vegna skuldar borgarbúa við Reykjavíkurborg á árinu 2018 og til 13.9.2019.

5.

Hver hefur kostnaður borgarbúa verið vegna framhaldskostnaðar í löginneimtu á tímabilinu?

Svar:

Kostnaður hins almenna borgarbúa er enginn vegna löginneimtu en það er skuldari sem er með kröfu í löginneimtu sem greiðir allan kostnað við löginneimtu krafna sinns.

Haldóra Káradóttir
sviðsstjóri